

Skýrsla unglingsnefndar KKÍ 1/5 - 31/12 1979

Eins og fram kemur hér að ofan störfuðu undirritaðir í unglingsnefnd einungis til áramóta, en reyndar fyrr var svo komið, sökum anna, að ógerlegt var að starfa af þeim kraft, sem þetta verkefni krefst.

Æfingabúðir á Laugarvatni.

Starfstímbíðið hófst með undirbúningi að æfingabúðum á Laugarvatni og var nú í fyrsta sinn dvalartími 2 vikur, þ.e. dagana 10. - 24. ágúst. Fyrri vikuna dvöldu staðinn 20 piltar fæddir 1964 - 65 og hina síðari 27 piltar fæddir 1962 - 63.

Æfði hvor hópur í u.p.b. 30 klst auk þess sem efnt var til kappleikja, móta, stundað sund, gufubað ofl.

Sýndar voru kvíkmyndir, haldin spilakvöld og fundir voru með formanni KKÍ og landsliðsbjálfara.

Æfingarbúðir sem þessar eru mjög mikilvægar ekki eingöngu frá æfingar- og keppnislegu sjónarmiði, heldur og félagsglegu.

Eþrópumót Juniora.

Þar sem áhugi pilta, sem rétt höfðu til þáttöku í móti þetta var í lágmarki var FIBA sent bréf s.l. sumar, þar sem við afboðunum þáttöku okkar. Er rétt að taka fram að þá þegar var búið að raða nkkur í riðla, og var Ísland í riðli sem fram fór í Finnlandi nú um þáskana s.l.

FIBA svaraði aldrei bréfi okkar og var talið að fallist hefði verið á afboðunia.

Nú hefur hins vegar komið í ljós að FIBA tilkynnti Finnunum ekki um þetta atriði fyrr en nú í Febrúar, og hefur jafnframt tilkynnt KKÍ að það kynni að verða sektað.

Af hálfu FIBA er þetta mál hið furðulegasta, og er ef til vill skýrt dæmi um að þessi samtök eru aðeins fyrir hina "stóru"

Samskipti við Wales.

A evrópumóti Cadetta sem fram fór í Hagen vorið 1979, sýndu Walesbúar mikinn áhuga á gagnkvænum ~~skrár~~ heimsóknunum unglingslandsliða þjóðanna.

I kjölfar bréfaskipta var ákveðið að þeir kæmu hingað vorið 1980. Þessari heimsókn er nú nýlokið og tók hin nýja unglingsanefnd petta verkefni upp á sína arma.

Eru okkur ~~me~~ súlikar heimsóknir kærkomnar, því þær þjóðir sem áhuga hafa á að heimsækja okkur eru teljandi á fingrum annarrar handar.

Eins og fram kemur í upphafssorðum skýrslu okkar, sáum við okkur ekki fært að halda úti starfsemi unglingsanefndar, af þeim krafti sem skyldi, vegna anna.

Var því stjórn KKI tilkynnt um þá ósk okkar að við yrðum leystir frá störfum.

Hin nyja unglingsanefnd, sem skipuð er þeim Inga Gunnarssyni, Stefáni Bjarkarsyni, og Hilmarí Hafsteinssyni, tók við um miðjan Desember og hefur þegar sýnt það í verki að starfsemi unglingslandsliða okkar verður fram haldið af kraft.

Óskum við þeim góðs gengis í framtíðinni.

Gunnar Gunnarsson

Inga S. Jónsson.

Tilheyrir aðssnýju 1980.